

9. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki. Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri skulu samþykktar af öllum stjórnarmönnum. Verði sjóðurinn lagður niður skal verja eignum hans í þágu rannsókna á krabbameini í börnum og unglingum.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi þegar stjórn Krabbameinsfélags Íslands hefur samþykkt hana.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. nóvember 1996.

F. h. r.

Fanney Óskarsdóttir.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1996:

Í umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi:

Hvassafell II á nýbýli úr landi Hvassafells í Norðurárdal, Mýrasýslu.

Í umdæmi sýslumannsins á Sauðárkróki:

Halldórsstaðir II á nýbýli úr landi Halldórsstaða, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Í umdæmi sýslumannsins á Höfn:

Lækjarbrekka á nýbýli úr landi Árnanes II (BrekkuLandi), Hornafirði.

Í umdæmi sýslumannsins í Vík:

Giljaland á nýbýli úr landi Grafar, Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu.

Í umdæmi sýslumannsins á Selfossi:

Grásteinn á nýbýli úr landi Valla, Ölfushreppi, Árnassýslu.

Menntamálaráðuneytinu, 31. desember 1996.

F. h. r.

Árni Gunnarsson.

Karitas H. Gunnarsdóttir.